

# STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 2000

31. október 2000

2267

Nr. 805

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag fyrir Krossalind 2 í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 21. september 2000 var samþykkt, með tilvísan í 2. mgr. 26. gr. og 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina að Krossalind 2 samanber uppdrátt Bæjarskipulags Kópavogs dags. í september 2000.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Kópavogi, 31. október 2000.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

6. nóvember 2000

Nr. 806

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hauka- og Iðnskólareits, Hafnarfirði.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Hauka- og Iðnskólareits, á fundi sínum þann 6. júlí 2000.

Breytingin felur í sér m.a. stækkun byggingareits fyrir íþróttahús og endurbyggingu leikskóla.

Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 6. nóvember 2000.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

31. október 2000

Nr. 807

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 503/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi flokkar bætist við viðauka I við gjaldskrána:

	Gjaldeiningar
XA Prýsthylki/farmgeymar, aðalskoðun	12
XA Prýsthylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7
XB Prýsthylki/farmgeymar, aðalskoðun	12
XB Prýsthylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7